

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr.

- a. Í stað orðsins „Umhverfisstofnun“ í 1. mgr. og hvarvetna annars staðar þar sem orðið kemur fyrir í reglugerðinni, kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfis- og orkustofnun.
- b. Ákvæði 2. mgr. 4. gr. verður eftirleiðis svohljóðandi:
Umhverfis- og orkustofnun hefur eftir því sem við á umsjón og eftirlit með aðgerðum er lúta að viðbrögðum við mengun jarðvegs eða yfirvofandi hættu á slíkri mengun.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 8. gr.

- a. Í stað orðsins „heilbrigðisnefnd“ í 2. mgr. kemur: Umhverfis- og orkustofnun.
- b. 2. málsl. 2. mgr. fellur brott.
- c. Orðin „heilbrigðisnefnd, eða eftir atvikum í 3. mgr. falla brott.
- d. 4. mgr. fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 9. gr.

- a. Ákvæði 1. málsl. verður eftirleiðis svohljóðandi: Þegar tilkynning um mögulega mengaðan jarðveg berst, án þess að um bráðamengun sé að ræða, skal Umhverfis- og orkustofnun gera frummat á aðstæðum.
- b. 2. og 3. málsl. Greinarinnar falla brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 10. gr.

- a. Orðin „heilbrigðisnefnd, eða eftir atvikum“ í 1. og 2. mgr. 10. gr. falla brott.
- b. 4. mgr. fellur brott.

5. gr.

Ákvæði 2. mgr. 11. gr. fellur brott.

6. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisnefndir“ í 12. gr. kemur: sveitarfélög.

7. gr.

Lagastoð, gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 5. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Reglugerðin er sett að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga um hlutverk sveitarfélaga við framkvæmd reglugerðar þessarar.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2027.